

## Stigskipting náms í íslensku á unglíngastigi

Að hausti 2024 fóru íslenskukennarar á unglíngastigi af stað með þróunarverkefni í íslensku með það að markmiði að mæta betur nemendum þar sem þeir eru staddir hverju sinni í námi sínu, aðlaga námsefni betur að hæfniviðmiðum aðalnámskrár og skapa þekkingu sem nemendur geti auðveldlega kallað fram og byggt ofan á á næstu námstigum. Markmiðið er jafnframt að styðja við leiðsagnarnám, efla jákvæða námsmenningu og auka ábyrgð nemenda í námi sínu.

Verkefnið felst í því að stigskipta íslenskunámi á öllum sviðum íslenskunnar, ritun, tjáningu, lestur og málfræði. Nemendur vinna á ólíkum stigum á ólíkum sviðum íslenskunnar innan kennslustofunnar. Lögð er áhersla á að gefa nemendum aukið val um viðfangsefni og um leið gera nemendur ábyrgari í námi sínu og áhugasamari um að auka þekkingu sína og hæfni. Þegar nemendur hafa náð tökum á og náð námsmarkmiðum/hæfniviðmiðum hvers stigs, færast þeir á milli stiga og geta dýpkað þekkingu sína enn frekar. Mikilvægt er þó að nemendur átti sig á, að þótt þeir færast á milli stiga í t.d. lestri, þá þýðir það ekki að þeir færast milli stiga í t.a.m. tjáningu. Þannig getur nemandi náð 3-stigi í lestri en verið enn á 1-stigi í tjáningu. Til þess að koma enn betur til móts við einstaklingsmiðaðar þarfir nemenda hafa þeir val um ólíkar skilaleiðir á verkefnum. Þannig getur nemandi sem vill koma þekkingu sinni á framfæri valið um með hvaða hætti það gert, t.d. í gegnum hlaðvarp, ritgerð, ljóða- eða rapptextagerð o.s.frv. Það kemur í hlut kennara að ýta undir að nemendur séu vakandi fyrir ólíkum leiðum til að koma þekkingu sinni á framfæri og að hvetja þau til að prófa sig áfram. Eins er mikilvægt að verkefni séu fjölbreytt, reyni á ólíka hæfni og gefi nemendum færi á að sannreyna þekkingu sína og auka við hana jafnt og þétt.

Markmið eru:

- Að tryggja öllum nemendum nám við hæfi
- Að ýta undir bættu námsmenningu
- Að nemendur beri meiri ábyrgð á námi sínu og hafi meira val um verkefni
- Að allir nemendur átti sig á mikilvægi þekkingar og að þekking ali af sér þekkingu.